

Auður Capital með 3,2 milljarða króna sjóð

● AUÐUR Capital hf. hefur lokið **fjármögnun** á sínum fyrsta fagfjárfesta-sjóði, er nefnist Auður I. **Kristín Pétursdóttir**, forstjóri fyrirtækisins, segir þátttöku fjárfesta hafa verið langt umfram vonir þeirra miðað við stöðuna á mörkuðum í dag, en heildarupphæð áskrifta í sjóðnum nam **3,2 milljörðum króna**. Alls tók 21 fjárfestir þátt. Þar á meðal eru flestir af stærstu **lífeyrissjóðum** landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar. Auði I er ætlað að **fjárfesta** í starfandi fyrirtækjum með mikla vaxtarmöguleika, og sérstaklega er horft til fyrirtækja í eigu eða undir stjórn **kvenna**. Að sögn Kristínar er verið að skoða mörg áhugaverð **verkefni** en ekkert þeirra komið á það stig að hægt er upplýsa meira um þau.

